

Náttúrustofa Austurlands 10. júlí 2020.

Varptími heiðagæsa innan þjóðgarðsmarka austursvæðis árið 2020.

Tíðarfar og snjóalög voru óhagstæð fyrir varp heiðagæsa vorið 2020 sem dróst verulega á langinn víða í austurhálandinu af þeim sökum. Þegar slíkar aðstæður skapast er þekkt að heiðagæsir flytja varp sitt annað að einhverju leyti. Náttúrustofan tók ekki sérstaklega út varpið á Vesturöræfum að þessu sinni en leggur mat sitt á varptímanum út frá eftirfarandi:

Í hreindýraburðarflugi yfir Vesturöræfi sem Náttúrustofan stendur fyrir ár hvert voru teknar myndir þann 24. maí sem sýna að svæðið var nær alþakið snjó á þeim tíma og ólíklegt er að snjóalög hafi verið hagstæðari austan Snæfells þar sem takmarkað heiðagæsavarp hefur verið í Þjófagilsflóa. Til að setja það í samhengi við meðalárið, þá eru að meðaltali um 70% heiðagæsa orpnar um miðjan maí.

Náttúrustofan hefur fylgst með ferðum heiðagæsa sem bera senditæki og voru merktar á Vesturöræfum árið 2017. Af þremur GPS/GSM-heiðagæsum virtust tvær vera lagstar á hreiður þann 26. maí eða voru að verpa þá skv. staðsetningum og hreyfingum á fuglunum sem er 10 dögum seinna en í meðalári.

Myndir voru teknar af heiðagæsum með unga við Háslón þann 9. júlí sem sýna að ungarnir voru um 3ja vikna gamlir, nokkrir voru tveggja vikna en lítið af mánaðargömlum ungunum, sem styður ofangreint um seinkun á varptíma. Upplýsingar fengust af heiðagæs sem var nýlega klakið hjá nú á dögnum sem hafði orpið við Snæfellskála í rúmlega 800 m.h.y.s.

Það tekur gæsaunga um tvo mánuði að verða fleygir sem þýðir miðað við ofangreint að flestir ungar sem klöktust á Vesturöræfum árið 2020 verða um það bil að verða fleygir um 25. ágúst.

Fyrir hönd Náttúrustofunnar

Halldór W. Stefánsson